



## Álagning fasteignagjalda 2023 og reglur um afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega 2023

### Álagning fasteignagjalda 2023

#### Álagning fasteignagjalda í Fjarðabyggð er sem hér segir:

Fasteignaskattur A verði 0,424 % <sup>1</sup> af húsmati og lóðarhlutamati  
Fasteignaskattur B verði 1,32 % <sup>2</sup> af húsmati og lóðarhlutamati  
Fasteignaskattur C verði 1,65 % <sup>3</sup> af húsmati og lóðarhlutamati.  
Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis verði 0,70 % af lóðarhlutamati.  
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis verði 3,00 % af lóðarhlutamati.  
Vatnsgjald, fast gjald verði 5.500 kr. á hverja veitu og 415 kr. á hvern fermetra.  
Fráveitugjald verði 0,275 % af húsmati.  
Sorphreinsunargjald verði 33.446 kr. á heimili.  
Sorpeyðingargjald verði 23.000 kr. á heimili.  
Fjöldi gjalddaga verði tíu – mánaðarlega frá 1. febrúar. Eindagi fasteignagjalda er síðasti virki dagur gjalddagamánaðar.

<sup>1)</sup> Íbúðarhúsnæði og eignir skv. 2.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

<sup>2)</sup> Sjúkrastofnanir og eignir skv. 3.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

<sup>3)</sup> Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði skv. 4.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

## Reglur

### um afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega árið 2023

#### 1. gr.

Tekjulágum ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri sem og örorkulífeyrisþegum með fulla örorku (75%) fyrir 1. janúar 2021 sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Fjarðabyggðar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4.mgr. 5 gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd og miðuð við árstekjur 2021 samanber álagningu skattstjóra 2021 og er sem hér segir:

a) Einstaklingar:	Brúttótekjur allt að kr.	5.901.857	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr.	7.805.071	0 % afsláttur
b) Hjón og samskattað sambýlisfólk:	Brúttótekjur allt að kr.	8.964.169	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr.	10.713.384	0 % afsláttur

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 88.624.-. Afsláttur er hlutfallslegur og reiknaður af fasteignaskatti viðkomandi eignar. Tekið er tillit til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna síðastliðins árs skv. skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

#### 2. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti miðast við að elli- og örorkulífeyrisþegar eigi og búi í því húsnæði sem afslátturinn er veittur af. Rétt til afsláttar eiga einnig þeir elli- og örorkulífeyrisþegar sem búa á stofnunum og hafa lögheimili þar þrátt fyrir að þeir séu ekki með lögheimili í húsnæðinu. Skilyrði er



að húsnæðið sé eingöngu nýtt í eigin þágu, s.s. til tómsundaiðkunar. Réttur þessi er ekki til staðar ef atvinnustarfsemi fer fram í húsnæðinu eða húsnæðið er leigt út.

Hjón og samskattað sambylisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði um afslátt er veittur afsláttur skv. 1.gr í samræmi við eignarhlut þeirra.

### 3. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er fjármálasviði heimilt að víkja frá skilyrðum 2. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmiði um tekjumörk.

### 4. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar veitir Þjóðskrá leyfi til að sækja upplýsingar með öruggum hætti í gegnum vefþjónustu ríkisskattstjóra (RSK) um tekjuskattsstofn elli- og örorkulífeyrisþega vegna útreiknings afsláttar þeirra á fasteignaskatti og að gera samning við RSK þar að lútandi.

### 5. gr.

Útreikningur fasteignaskattsafsláttar á álagningarseðli fasteignagjalda sem gefinn er út í byrjun febrúar miðast við tekjur ársins 2021 til bráðabirgða og tekjuviðmiðun ársins 2022. Afslátturinn er síðan endurskoðaður þegar álagning skatta ársins 2022 liggur endanlega fyrir vegna eftir álagningu 2023 og er þá miðað við tekjuviðmiðunina skv.1.

Fjarðabyggð 15. desember 2022

Jón Björn Flákonarson  
bæjarstjóri

Samþykkt í bæjarráði 31.október 2022

Samþykkt í bæjarstjórn 9.nóvember 2022